



www.vorsteh.is

Ársskýrsla 2017-2018.

Mannabreytingar urðu í stjórn þar sem Birgir Örn Arnarsson Hlynur Þór Haraldsson og Eydís Gréta Guðbrandsdóttir gáfu ekki aftur kost á sér og Sigríður Hrólfsdóttir þurfti að segja af sér af persónulegum ástæðum.

Ný stjórn skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Guðmundur Pétursson formaður

Gunnar Pétur Róbertsson varaformaður og ritari

Lárus Eggertsson gjaldkeri

Guðni Stefánsson meðstjórnandi

Sigurður Arnet Vilhjálmsson meðstjórnandi.

Ábyrg ræktun á Vorstehhundum hefur skilað eftirfarandi meistaratitlum í hús á árinu.

Nýjir meistarar eru:

Ice Artemis Hera, fær titilinn ISSHCh

Veiðimela Jökull, fær titilinn ISCh

Veiðimela Krafla, fær titilinn ISCh

Nýir alþjóðlegir meistarar eru:

Bendishunda Saga aka Þoka, sem fær titilinn C.I.B.

Veiðimela Jökull sem fær titilinn C.I.B.

Veiðimela Krafla sem fær titilinn C.I.B.

Nýr Veiðimeistari er:

Heiðnabergs Gáta von Greif, fær titilinn ISFtCh

Til hamingju öll með frábæra hunda.

Eftirfarandi got voru á árinu:

Gruetjenet's Ynja og Bendishunda Jarl (Fróni) voru pöruð og komu 4 hvolpar í mars, allt tíkur.

Í lok september kom svo got undan Fjallatinda Ölfu og Gleipni von Greif.

9 hvolpar fæddust og skiptingin var 6 rakkar og 2 tíkur.

Við óskum ræktendum og eigendum umdaneldishunda, ásamt nýjum hvolpaeigendum innilega til hamingju með frábæra hvolpa.

Nýbúar af Vorstehkyni voru fjórir.

Guðni Stefánsson flutti frá Noregi og tók með sér tvo Vorstehhunda. Einn Strýhærðann Vorsteh GG Sef og einn snögghærðan Sagásens Trofi.

Tveir hvolpar voru fluttir inn, báðir rakkar.

Frá Svíþjóð kom Sångbergets Jökulheima Laki og eru eigendur Unnur A. Unnsteinsdóttir, Einar Örn Rafnsson og Pétur Alan Guðmundsson.

Frá Noregi kom Rugdelias ØKE Tiur. Eigendur eru Eydís Gréta Guðbrandsdóttir og Kjartan Antonsson.

Allir hundarnir frá frábærum blóðlínunum og kærkomin viðbót við stofninn okkar hér heima.

Reynt var að Koma með nýjustu fréttir og fleira á heimasíðunni og einnig á Facebook.

Ljósmyndakeppni var til dæmis haldin á Facebooksíðu deildarinnar og komu margar góðar myndir þar fram, en sigurvegarinn var Þorsteinn Friðriksson. Dómari var Sten Ole Hagen norskur ljósmyndari og veiðihundakall



Deildin hélt RIUS námskeið 1.april sem Guðni Stefánsson kenndi við góðan orðstýr. Unnið var með stöðugleika hunda við uppflug og skot og bréfdúfur notaðar við æfingarnar sem voru fengnar hjá Ragga Sigurjóns. Góð þáttaka var og skemmtileg stemning.



Sækikeppni var haldin 27.mai þar sem lagt var upp úr því að hafa skemmtilegan viðburð. Lögð var út bráð af hinum ýmsu tegundum og í allkonar aðstæðum. Góð þáttaka, skemmtilegur dagur, spjall, pulsar og grín.



Veiðipróf.

Deildirnar fengu tilmæli frá HRFÍ um að grisja vorprófin þegar dagsskráin var loksins tilbúin langt á eftir áætlun. Vorstehdeild fór að þeim tilmælum þar sem tíminn var vægast sagt orðinn naumur til að finna góða erlenda dómara og hagstæð flug og annara ástæðna, en við tókum skýrt fram að þetta væri einstakt tilvik.

Haustrófið var svo haldið í október.

Dómarar voru Geir Henning Ström og Robert Brenden frá Noregi, og Guðjón Arinbjörnsson frá Íslandi.

Prófið tókst mjög vel, frábærir dómarar, þó nokkrar einkunnir og allir sáttir.

Fyrri daginn fengu eftirfarandi Eigendur/Vorstehhundar einkunn:

Björgvin og Blökk 2 einkunn og Friðrik og Jökull 2 einkunn í OF.

Seinni daginn fengu GG Sef og Guðni Stefánsson 1 einkunn, Veiðimela Jökull og Friðrik Friðriksson 2 einkunn og Lalli og Mjólnir 3 einkunn í OF.

Í KF náðu Heiðnabergs Gáta von Greif og Jón Hákon 1.sæti með meistarastigi.

Smá samantekt hljóðar þannig eftir árið hjá Vorstehhundum í heiðaprófum að það skiluðu sér í hús:

5x 1.einkunn í OF

9x 2.einkunn í OF

10x 3.einkunn í OF

og í KF náðu Vorstehundar 4x 1.sæti, 2x 2.sæti og 2x 3.sæti – Vel gert 😊



Stigakeppnin

Í KF sigraði Heiðnabergs Gleipnir von Greif og Jón Svan með 25 stig. Við óskum Jóni og Gleipsa innilega til hamingju með árangurinn.

Í OF og OA sigraði Veiðimela Jökull og Friðrik Friðriksson með 26 stig. Við óskum Friðriki og Jökli einnig innilega til hamingju með frábærann árangur á árinu.

Það mættu fleiri taka þessa félag, Jón Svan og Friðrik, til fyrirmyndar sem tóku þátt í ófáum viðburðunum og söfnuðu stigum jafnt og þétt með góðum árangri yfir allt árið.

Ekki verður nægjanlega þakkað styrktaraðilum deildarinnar. Bendir hefur styrkt deildina myndalega árum saman. Fresco styrkti deildina vel á árinu og nú tók Ljósasmiðjan við keflinu af þeim. Famous Grouse hefur svo líka gefið verðlaun á prófum og keppnum, ótrúlega vel þegið. Við þökkum enn og aftur fyrir okkur 😊

Það er ljóst að samvinna og félagsandi skilar svona félagskap lengst. Samvinna milli deilda hefur líka verið mjög góð í hinum ýmsu málum. Vorstehdeild hefur lagt sig fram um að koma

að málum og leysa friðsamlega, til að sem flestir geti vel við unað.

Það er okkar von að deildarmeðlimir leggist á þær árar með okkur og við gerum þetta sport að því sem það á skilið að vera – frábært sport með góðum félögum 😊